



## **6. bekkur**

### **Félagsfræði (FÉLA3KR09)**

Í vetur verður farið dýpra í meginkenningar félagsfræðinnar og helstu fræðimenn hennar ásamt því að halda áfram með efni vefbókarinnar og þegar bókinni er lokið tekur við afbrotafræði og notuð verður ný vefbók í afbrotafræði, ef tími vinnst til verður líka tekið fyrir efni í kynjafræði. Einnig verða kenndar og þjálfðar aðferðir við framkvæmd félagsfræðilegra rannsókna og framsetning á rannsóknarniðurstöðum.

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara sem og nemenda. Auk minni verkefna munu nemendur vinna rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara.

Nemendur;

þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni

geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna

geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.

Þekki helstu kenningar afbrotfræðinnar

þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu

geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.

kynnist kenningum kynjafræðinnar

**Námsefni:**

**Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.**

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

**Vefbók í afbrotufræði**

<https://afbrotakraedi.vefbok.forlagid.is/>

**Ef tími vinnst til vefbók í kynjafræði**

<https://kynjakraedi.vefbok.forlagid.is/>

**Annað efni frá kennara**

**Námsmat:**

**Vinnueinkunn:**

3-4 kaflapróf yfir veturinn (40%)

Rannsóknarverkefni 25%

Ástundun og verkefnaskil (35%)

**Stúdentspróf, lokapróf 100%**

**Lokaeinkunn byggir á meðaltali af stúdentsprófseinkunn og vinnueinkunn.**

**Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.**